

LÖGREGLUSKÝRSLUR LÖGREGLUSTJÓRANS Í REYKJAVÍK, SKÝRINGR.

Lögreglustjórinn í Reykjavík virðist hafa tekið einhverjar lögregluskýrslur á tímabilinu 2.3.2010 til 3.2.2011 og eignað mér Margeiri Margeirssyni og mínum stöðum Mónakó og Monte Carlo öll þau atvik sem upp hafa komið á Laugaveginum.

Tilgangurinn virðist augljós, að brjóta á mér lög og þeim fyrirtækjum sem reka umrædda veitinagarstaði. Ákveðnir aðilar innan borgarkerfisins virðast ætla að taka þátt í þessum leik lögreglustjóra. Það er semsagt íslensk pólitík að ákveðnir borgarfulltúar, sem eru á launum hjá okkur eru tilbúnir að brjóta lög á meðborgurunum, þó að þeir hafi öll gögn í höndunum sem sýna hið rétta í málunum.

gar þessar svokölluðu skýrslur eru lesnar eru málsnúmer til hægri mis mörg en sama númerið tilheyrir hverju einstöku máli. Málin eru lituð á víxl gult og grænt sem aðgreinir hvert mál. Þegar málin eru talin kemur í ljós að lögreglustjórinn kann ekki að telja heldur.

Hér er listi yfir fjölda mála í aðal skýrslunum lögreglustjóra og fjöldi mála í bókunum.

	Aðalskýrsla.	Aðalsk. Utan opnunartíma	Bókunarskýrslur.
Á Mónakó.	17	5	14
Við Mónakó.	26	3	25
Á Monte Carlo.	38	11	35
Við Monte Carlo.	47	19	44

Aðalskýrsla: Er skýrslan sem sett var saman í upphafi til að reyna að skaða mig og minn rekstur sem mest.

Aðalskýrsla utan opnunartíma: Atvik skráð á staðina og í nágrenni þegar staðirnir eru lokaðir.

Bókunarskýrslur: Fjöldi mál hjá lögreglustjóra í aðalskýrslu eru 128, fjöldi lögregluskýslna er 118, sem sýnir að maðurinn kann ekki að telja, fyrir utan að flest þessara mála koma mér og mínum stöðum ekkert við.